149

Reglugjörð

fyrir Suðurþingeyarsýslu um lækning hunda af bandormum, m. fl.

1. gr.

I hverjum hreppi sýslunnar skal sýslumaður með hliðsjón af tillögum hreppsnefnda skipa 1—3 menn til að annast um lækning hunda af bandormum og gildir útnefning þessara manna til þriggja ára.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisar á ári, um mánaðamótin apríl og maí, og í nóvembermánuði. Hvar og hvern dag lækningin fer fram, í hverjum hreppi, ákveða lækningamenn fyrir fram, og tilkynna hlutaðeigendum, með vikufyrirvara. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá endurgjaldslaust á lækningastaðina, og sækja þá aptur, að aflokinni lækningu.

3. gr.

Lækningunni skal hagað eptir nánari fyrirmælum hlutaðeigandi læknis, sem sýslunefnd samþykkir.

4. gr.

Verði vart við bandorma í hundum milli lækningatíma, skal tilkynna það lækningamönnum, og gjöra þeir þá ráðstafanir til að lækna þá, svo fljótt sem unnt er; en eigi verða þeir hundar, fyrir það, undanþegnir lækningum á hinum fyrirskipuðu tímum.

5. gr.

Nú valda forföll að hundur kom eigi til lækninga og skal þá húsbóndi hans, svo fljótt sem unnt er, færa hann lækningamönnum, en álítast ella hafa skotið honum undan lækningu.

6. gr.

Alla hunda skal einkenna með leðurbandi um háls, er á sje letrað heimilisnafn, og skulu lækningamenn gæta þess vandlega, að eigi sje út af þessu brugðið. Ómerktir hundar, og hundar, sem enginn finnst eigandi að, skulu lækningamenn annast um að sjeu drepnir.

7. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, er löggilt sje af sýslumanni fyrir hvern hrepp. Skulu þeir á hverju ári, rita í hana skrá yfir alla hundaeigendur í hreppnum, og tölu þeirra hunda, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Fyrir hver árslok skulu þeir senda sýslunefndinni skýrslu samkvæmt bókinni, og sömuleiðis hlutaðeigandi lækni.

8. gr.

Hreppsnefndin annast um útvegun meðala og sjer um að ávalt sjeu til nægilegar birgðir af þeim. Allur kostnaður við hundalækningar greiðist úr sveitarsjóði.

9. gr. 149

Á hverju hreppaskilaþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbúum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu fje og brenna þá. Sömuleiðis skulu þeir iðulega áminna menn um að umgangast hunda mjög varlega og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matarílát, eða vatnsílát. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Vanræki lækningamenn að framfylgja þessari reglugjörð, varðar það 5—10 kr. sektum, eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu, af ásettu ráði, eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða mótþrói varðar það 5—10 kr. sektum eptir málavöxtum.

Sektirnar renna í sveitarsjóð.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu á aukafundi hennar 5. júlí 1897.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 18. sept. 1897.

Steingrímur Jónsson
settur.

Skýrsla 150

um efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1896.

I. Norðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 104,03	
Sýsluvegagjald	— 285,00	
Skuld sjóðsins	— 17,47	kr. 406,50

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	— 406,50

II. Norðurmúlasýsla.

Tekjur:

Sýsluvegagjald	kr. 915,00	
Lán tekið á árinu	— 2000,00	
Skuld við reikningshaldara	— 199,22	kr. 3114,22

Gjöld:

Borguð skuld frá f. á.	kr. 1650,86	
Annar kostnaður sjóðsins	— 1463,36	— 3114,22